

FUNDARGERÐ

268. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 27. mars 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Rósa Kristinsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Mörður Áslaugarson og Sigurður Helgi Birgisson, sem kom inn sem varamaður fyrir Ingvar Smára Birgisson. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Práinn Stefánsson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Valgeir Vilhjálmsson varaáheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 266 og 267 voru lagðar fram og samþykktar.

2. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrir febrúar 2024 og samandregna niðurstöðu fyrir janúar-febrúar. Auglýsingatekjur voru 2,5 m.kr. (1,5%) undir endurskoðaðri áætlun fyrir febrúar. Sú áætlun miðast við að heildar auglýsingatekjur ársins verði 2,6 m.kr. í stað 2,8 ma.kr. áður.

Kostnaður umfram áætlun í febrúar sé fyrst og fremst vegna yfirvinnu starfsfólks fréttastofu og aukinni vinnu tæknimanna vegna eldgossins 8.-9. febrúar sl. Áætlun um kaup á verktöku var endurskoðuð m.t.t. þróun undanfarinna ára og jafnast afgangur mánaðarins á móti umframkostnaði í janúar. Rekstur húsnæðis var umfram áætlun. Þá hafi dreifing fjármagnsliða verið endurskoðuð og séu fjármagnsliðir á pari við uppfærða áætlun.

Samandregin niðurstaða fyrstu tvo mánuði ársins sé nú í jafnvægi miðað við endurskoðaða áætlun en hafa ber í huga að tekjuáætlun ársins hafi verið lækkuð um 200 m.kr. Umframútgjöld skýrast nær alfarið af yfirvinnu og kaupum á verktöku umfram áætlunir vegna eldgosa í desember til febrúar. Kostnaður vegna húsnæðis er einnig umfram áætlunir en meðal annars sé verið að yfirfara dreifingu á kostnaði vegna viðhaldskostnaðar húsnæðis (einkum loftræsiskerfis) og hvort hann sé of framhlaðinn eða eigi eftir að eignfæra að einhverju marki.

Áfram sé unnið að útfærslu á hagræðingaraðgerðum til þess að stuðla að jákvæðri afkomu innan ársins og verði nánar kynnt á næsta hefðbundna stjórnarfundum í apríl.

3. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir mati Fjölmíðlanefndar á almannabjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2022, en slíkt mat sé unnið árlega í samræmi við 15. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmíðil í almannabágu. Niðurstaða nefndarinnar sé að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannabjónustuhlutverk sitt árið 2022 í samræmi við markmið laga og hafi haldið áfram að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi. Í skýrslunni sé fjallað um nýja stefnu RÚV 2022-2026, öryggis- og almannavarnarhlutverk RÚV, fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa, traust til fréttastofu RÚV, fjölgun stöðugilda á landsbyggðinni, nýja aðgengisstefnu, afkomu RÚV o.fl.

Gerð var grein fyrir að þriggja manna starfshópur hafi skilað menningar- og viðskiptaráðherra skýrslu í lok síðasta árs um mögulegar takmarkanir á umsvifum RÚV á samkeppnismarkaði. Tveir fulltrúar í hópnum standa á bak við tillögur skýrslunnar, einn fulltrúi skilaði séráliti. Vinnuhópur hafi verið skipaður til að útfæra tillögur og er hópurinn skipaður formanni stjórnar RÚV, útvarpsstjóra og tveimur fulltrúum ráðuneytisins.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including the number '112' and various initials and signatures.

Útvarpsstjóri upplýsti um nýjar vinnureglur um fréttir og dagskrárefni og um þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins, en um sé að ræða endurnýjun á eldri reglum um sama efni. Þá hefðu verið settar nýjar verklagsreglur vegna uppljóstrunar starfsfólks um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Ríkisútvarpsins, en þær séu settar á grunni 5. gr. laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að úrslit Söngvakeppninnar voru haldin 2. mars sl. í Laugardalshöll. Keppnin hefði verið glæsileg og fengið mikið áhorf auk þess sem uppselt var á viðburðinn. Hnökrar komu fram við framkvæmd símakosningar í einvígínu sem áhrif hafði á bæði atriðin sem þar tóku þátt, en höfðu engin áhrif á úrslit keppninnar. Engu að síður hefði verið ákveðið að fá ótengdan aðila til að fara yfir atriði sem snúa að kosningunum til að taka af öll tvímæli um að framkvæmdin hafi verið fullnægjandi.

Loks upplýsti útvarpsstjóri um nýlegt erindi Ingunnar Láru Kristjánsdóttur fréttamanns á málþinginu *Fjölmiðlar á tímum stafrænna byltinga*. Sérstök áhersla er um þessar mundir lögð á konur í kvikmyndagerð í dagskrá sjónvarpsins og gerð var nánari grein fyrir því. Farið var yfir tilnefningar starfsfólks RÚV til Blaðamannaverðlauna og gerð grein fyrir því að RÚV English Radio hefði verið tilnefnt til alþjóðlegra útvarpsverðlauna. Þá var gerð grein fyrir minningarstund með fjölskyldu Júlíusar G. Bjarnasonar, sem var stöðvarstjóri á Eiðum og sinnti þjónustu við hlustendur og áhorfendur Ríkisútvarpsins í 50 ár, en hann lést árið 2020. Þá var að lokum upplýst að MenntaRÚV væri komið í loftið á ný og samstarf á þessu sviði milli menntamálayfirvalda og RÚV væri í fullum gangi.

4. Undirbúningur aðalfundar 2024

Rætt var um undirbúning fyrir aðalfund 2024 sem haldinn verði 18. apríl nk. Drög að tillögum stjórnar séu inn á stjórnarvefgáttinni en það ætti eftir ganga frá nokkrum atriðum. Alþingi hafi verið upplýst dagsetningu aðalfundarins og eigi eftir að tilnefna nýja stjórn. Ákveðið var að starfskjaranefnd myndu hittast og ræða mögulegar breytingar á stjórnarlaunum og vera í sambandi við ráðherra. Ekki voru gerðar frekari athugasemdir við tillögur stjórnar fyrir aðalfundinn.

5. Önnur mál

MÁ lagði á ný fram tillögu sínu frá síðustu fundum um þátttöku RÚV í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og óskaði eftir því að hún yrði borin undir atkvæði: „Stjórn RÚV ályktar að ekki verði tekið þátt í Eurovision 2024 ef Ísrael tekur þátt í keppninni.“

Stjórnarformaður gerði grein fyrir því að það væri ekki hlutverk stjórnar RÚV að taka ákvarðanir sem þessar og lagði til að tillögunni yrði vísað frá. Var tillögu formanns afgreidd með sama hætti og síðast, með frávisun gegn atkvæði MÁ og MT sat hjá.

MT, DÁZ, AÓ, MGJ og SDG lögðu fram eftirfarandi bókun: „Eins og stjórn hefur farið yfir áður á fundum sínum þá er það ekki á hennar valdsviði að ákveða hvort að RÚV tekur þátt í Eurovision eða ekki.“

Fundi slitið.

Höfundur Tillagnaðttir

Marta Eudhría Jóhannsdóttir

Ane Alþjóttir

Rósen Ólafsson

Þórunn Ólafsson

Silja Gunnarsdóttir

Silja Arnundad. Loeiga

Silja

Silja